

Sp.

769. Fyrirspurn

[418. mál]

til dómsmálaráðherra um sviptingu opinbers starfsleyfis.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Hversu oft á tímabilinu 1970–1985 hafa menn í dómi í opinberu máli verið sviptir heimild til að stunda starfsemi sem opinbert leyfi þarf til og til hversu langs tíma hefur sviptingin tekið, sbr. 68. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, 13. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 41/1968, 74. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59/1969, 33. gr. laga um tollskrá o.fl., nr. 120/1976, og 25. gr. laga um söluskatt, nr. 10/1960?
2. Hversu oft hafa kröfur um slíka sviptingu opinbers leyfis verið settar fram af ákærvaldsins hálfu á ofangreindu tímabili?

Greinargerð.

Lagagreinar þær, sem vitnað er til í fyrirspurninni, fjalla allar um heimildir til að svipta menn opinberu leyfi til að stunda starfsemi hafi þeir gerst sekir um refsiverðan verknað.

Refsiverður verknaður er oft fólgin í auðgunarbroti af einhverju tagi. Menn (lögaðilar) reyna að koma sér undan því að greiða skatta og skyldur til samfélagsins svo sem þeim ber, skila ekki réttum aðilum þeim sköttum eða gjöldum sem þeim er falið að innheimta, höndla á einn eða annan hátt með varning sem ekki er fenginn eftir löglegum leiðum svo að eitthvað sé nefnt af þeim afbrotum sem framin eru í auðgunarskyni.

Algengasta refsing fyrir slíkan verknað mun vera sektargreiðslur, trúlega í einhverju hlutfalli við þær upphæðir sem sannast að sá seki hafi hagnast um með ólögmatum hætti.

Því miður mun ekki óalgengt að lagaákvæði um sektargreiðslur séu úrelt og upphæðir sekta því allt of lágar, dómur ganga seint fyrir sig og hinir seku hafa oft og tíðum tíma og tækifæri til að margfalda hagnað sinn af auðgunarbrotinu. Auk þess má leiða líkur að því að fáir seki að halda starfsemi áfram með eðlilegum hætti eftir að dómur hefur gengið í málinu eru möguleikarnir á ný fyrir hendi að bæta sér „skaðann“ og er þá viðkomandi reynslunni ríkari við að koma sér undan refsivendi laganna.

Fyrirspyrjandi telur heimildir í lögum til að svipta menn starfsleyfum fyrir auðgunarbrot af þessu tagi miklu áhrifaríkari refsingu, séu þær heimildir notaðar, en beiting sektarákvæða og líklegri til að koma í veg fyrir að slík afbrot séu framin.

Skriflegt svar óskast.